

SKIPULAGSSKRÁ

FYRIR

**FRÆÐSLUNETIÐ
SÍMENNTUN Á SUÐURLANDI
SES.**

SELFOSSI

1. JANÚAR 2013

Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi ses.



Inngangur

Skipulagsskrá þessi er gerð samkvæmt ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33, 1999. Um er að ræða skipulagsskrá fyrir Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi ses., sem áður hét Fræðslunet Suðurlands og starfaði samkvæmt ákvæðum laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19, 1988. Með skipulagsskrá þessari og öðrum stofngögnum, færast rekstur Fræðslunets Suðurlands yfir til Fræðslunetsins – símenntun á Suðurlandi ses. Stofnendur hinnar nýju sjálfseignarstofnunar eru þeir sömu og stofnuðu Fræðslunet Suðurlands og fær stjórn hennar umboð til að undirrita skipulagsskrá og önnur stofngögn og ganga að öðru leyti frá stofnun og skráningu hinnar nýju sjálfseignarstofnunar.

1. gr.

Heiti og hlutverk

Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi ses. er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn og starfar á sviði framhaldsfræðslu og símenntunar.

2. gr.

Heimilisfang

Heimilisfang og varnarþing Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi ses. er að Fjölheimum við Tryggvagötu 13, Selfossi.

3. gr.

Tilgangur

Tilgangur Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi ses. og meginmarkmið er að efla aðgengi íbúa fjórðungsins að framhaldsfræðslu og símenntun og auka með því búsetugæði á svæðinu. Í þessu skyni mun stofnunin meðal annars:

- Stuðla að auknu framboði á Suðurlandi á símenntun á öllum stigum menntunar.
- Leggja áherslu á samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og símenntunar.
- Fylgjast með og nýta bestu fánlegu fjarkennslutækni hverju sinni.
- Hafa samstarf við aðra aðila er sinna framhaldsfræðslu og símenntun.
- Standa að og styðja við rannsóknir og vísindaiðkun á Suðurlandi eftir því sem aðstæður leyfa og við verður komið.

4. gr.

Stofnendur

Stofnendur stofnunarinnar eru þeir sömu og stofnuðu Fræðslunet Suðurlands með skipulagsskrá samkvæmt ákvæðum laga nr. 19, 1988, sem staðfest var af Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 29. október 1999. Um er að ræða eftirtalda aðila sem hver um sig lagði fram þar tilgreindan hluta stofnfjárins:

Stofnandi:	Heimili:	Staður:	Framlag:
Atorka	Austurmörk 15	Hveragerði	80.000
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands	Austurvegi 56	Selfoss	150.000
Biskupstungnahreppur	Reykholti	Selfoss	10.000
Búnaðarsamband Suðurlands	Austurvegi 1	Selfoss	50.000
Djúpárhreppur	Þykkvabæ	Hella	50.000
Dvalarheimilið Ás	Hverahlíð 23b	Hveragerði	100.000
Félag eldri borgara á Selfossi	Grænumörk 5	Selfoss	2.000
Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi	Eyraryggi 37	Selfoss	50.000
Fjölbrautarskóli Suðurlands	Tryggvagötu 25	Selfoss	250.000
Garðyrkjuskóli Ríkisins	Reykjum	Hveragerði	75.000
Gaulverjabæjarhreppur	Gerðum	Selfoss	50.000
Grímsnes- og Grafningshreppur	Borg	Selfoss	50.000
Heilbrigðisstofnunin á Selfossi	Árvegi	Selfoss	50.000
Heilsustofnun NLFÍ	Grænumörk 10	Hveragerði	100.000
Héraðssambandið Skarphéðinn	Engjavegi 44	Selfoss	5.000
Holta- og Landssveit	Laugalandi	Hella	50.000
Hraungerðishreppur	Þingborg	Selfoss	15.000
Hveragerðisbær	Hverahlíð 24	Hveragerði	200.000
Hvolshreppur	Hlíðarvegi 16	Hvolsvelli	50.000
Kaupfélag Árnesinga	Austurvegi 3-5	Selfoss	50.000
Kjörís	Austurmörk 15	Hveragerði	60.000
Menntaskólinn á Laugarvatni	Laugarvatni	Laugarvatn	15.000
Mjólkurbú Flóamanna	Austurvegi 65	Selfoss	125.000
Mýrdalshreppur	Mýrarbraut 13	Vík	20.000
Rangárvallahreppur	Laufskálum 2	Hella	50.000
Samband sunnlenskra kvenna	Vorsabæ 2	Selfoss	5.000
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	Austurvegi 56	Selfoss	400.000
Sjúkraliðafélag Íslands Suðurlandsdeild	Tryggvagötu 32	Selfoss	4.500
Skaftárhreppur	Klausturvegi 10	Kirkjubæjarklaustur	50.000
Sunniðn	Austurvegi 56	Selfoss	20.000
Sveitarfélagið Árborg	Austurvegi 2	Selfoss	300.000
Tölvu- og Rafeindapjónustan	Eyraryggi 23	Selfoss	40.000
Verkalýðsfélagið Þór, Selfossi	Austurvegi 56	Selfoss	150.000
Verslunarmannafélag Árnessýslu	Austurvegi 56	Selfoss	50.000
Samtals:			2.726.500

5. gr.

Stofnfé

Stofnfé Fræðslunets Suðurlands, fyrirrennara Fræðslunetsins – símenntun á Suðurlandi ses., var kr. 2.726.500 (tværmilljónir sjö hundruð tuttugu og sex þúsund og fimmm hundruð krónur), sbr. 4. gr. skipulagsskrár þessarar. Stofnfé Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi ses. tekur

hins vegar mið af eignum Fræðslunets Suðurlands miðað við 1. janúar 2013, þann dag sem rekstur Fræðslunets Suðurlands færist yfir til Fræðslunetsins – símenntun á Suðurlandi ses. Stofnfé stofnunarinnar er því kr. **64.381.481**, sem samsvarar eigin fé Fræðslunets Suðurlands miðað 1. janúar 2013 samkvæmt meðfylgjandi stofnefnahagsreikningi. Þá tekur stofnunin jafnframt við skuldum Fræðslunets Suðurlands miðað við sömu tímamörk, sem samsvara kr. 16.499.611 samkvæmt umræddum stofnefnahagsreikningi.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

6. gr.

Tekjur

Tekjur Fræðslunetsins - símenntunar á Suðurlandi ses. eru eftirfarandi:

- Námskeiðagjöld.
- Tekjur af þjónustu við aðra aðila.
- Frjáls framlög.
- Framlög og styrkir frá stofnunum og ríki.
- Styrkir frá sveitarfélögum.
- Vaxtatekjur, auk annars aflafjár.

Tekjum skal einungis ráðstafað til starfsemi skv. 3. gr. skipulagsskrár þessarar.

7. gr.

Stjórn

Stjórn Fræðslunetsins - símenntunar á Suðurlandi ses. er skipuð 5 mönnum til eins árs í senn. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa, skólanefnd Fjölbautaskóla Suðurlands tilnefni einn fulltrúa; félög vinnuveitenda/vinnuveitendur sem aðild eiga að stofnuninni tilnefna einn fulltrúa sameiginlega, félög launafólks sem aðild eiga að stofnuninni tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og aðrir aðilar en þeir sem áður er getið og eiga aðild að Fræðslunetinu, símenntun á Suðurlandi ses. tilnefni sameiginlega einn fulltrúa.

Tilnefning í stjórn skal fara fram með þessum hætti í hvert sinn. Fyrstu stjórn Fræðslunetsins – símenntun á Suðurlandi ses. skipa þeir aðilar er síðast gengdu stjórnarstörfum fyrir Fræðslunet Suðurlands.

Stjórn Fræðslunetsins - símenntunar á Suðurlandi ses. ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hennar hönd. Stjórnin skal annast um að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála og halda skal fundargerðarbók um það sem fram fer á stjórnarfundum.

Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir hana.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Framkvæmdastjórn

Stjórn Fræðslunetsins - símenntun á Suðurlandi ses. ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar, setur honum erindisbréf og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri annast:

- Daglegan rekstur, kemur fram fyrir hönd stjórnar í öllum málum sem varða daglegan rekstur og ber ábyrgð gagnvart henni.
- Situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.
- Vinnur að framgangi þeirra mála sem getið er um í 3. grein skipulagsskrár þessarar.
- Annast reikningsskil í samráði við þann aðila sem sér um bókhald stofnunarinnar.
- Undirbýr, skipuleggur og samræmir, ásamt verkefnastjórum, námsframboð á Suðurlandi, skv. 3. gr. skipulagsskrár þessarar.
- Annast, ásamt verkefnastjórum, samstarf við aðra aðila sem starfa á sviði náms og mennta á Suðurlandi.
- Önnur störf sem stjórnin setur honum fyrir hverju sinni.
- Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Nánar skal kveðið á um verksvið framkvæmdastjóra í erindisbréfi sem stjórn setur.

9. gr.

Endurskoðun

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur (eða endurskoðendafélög) til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

10. gr.

Reikningsárið

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri skal árlega í mars leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn Fræðslunetsins - símenntunar á Suðurlandi ses. til afgreiðslu:

- Skýrslu um starfsemi síðasta árs.
- Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.
- Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar viðurkenndar reikningskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af tilnefndum endurskoðendum samkvæmt 9. gr. skipulagsskrár þessarar. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 30. júní ár hvert.

11. gr.

Hagnaður

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. skipulagsskrár þessarar. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

12. gr.

Breytingar, slit og sameining

Heimilt er að breyta skipulagsskrá stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra.

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á skipulagsskrá þessari. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

13. gr.

Annað

Þar sem ákvæði skipulagsskrár þessarar ná ekki til þess hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Meðfylgjandi stofnefnahagsreikningur, staðfestur af endurskoðanda stofnunarinnar, telst hluti af skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar Fræðslunetsins – símenntun á Suðurlandi ses., Selfossi 1. janúar 2013:

Nafn: *Gylfi Þorhelmar*
Kt.: *240561-2129*

Nafn: *Gunn Þorsteinsdóttir*
Kt.: *211091-5759*

Nafn: *Þórunn Magnúsdóttir*
Kt.: *020168-3669*

Nafn: *Magdalena K. Jónsdóttir*
Kt.: *010865-3449*

Nafn: *Þórunn Þorsteinsdóttir*
Kt.: *0503794434*